

12. gr.

9. tölul. 28. gr. orðist svo:

Veitingu leyfa til tilrauna með óskráð lyf (klínískar prófanir), svo og reglugerð þar um er taki m. a. til nánari skilgreiningar á hvernig að slíkum tilraunum skuli staðið, svo og til heimildar, framkvæmdar, ábyrgðar og bótaskyldu þeirra er þær annast.

13. gr.

1. tölul. 29. gr. orðist svo:

1. Tillögur að lyfjastöðlum, sbr. 6. gr.

14. gr.

4. tölul. 29. gr. orðist svo:

Að vera landlækni til ráðuneytis við skráningu hjáverkana lyfja hér á landi, sbr. 54. gr., og upplýsingagjöf til lækna þar að lútandi.

15. gr.

30. gr. orðist svo:

Kostnaður af starfsemi lyfjanefndar, þar á meðal laun nefndarmanna og starfslíðs, skal borinn uppi af skráningar- og árgjöldum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 49/1978 og gefa þau út svo breytt. Jafnframt skulu þá lagatiltvitnanir í 14. gr., 54. gr., 56. gr. og 58. gr. færðar til samræmis við gildandi lög.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hlutabréf ríkissjóðs í
Iðnaðarbanka Íslands hf.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.